

Upplýsingar um keiluskurð

Keiluskurður er einföld skurðaðgerð þar sem neðsti hluti leghálsins er skorinn burtu. Hann er gerður ef leghálsspeglun með vefjasýnatöku staðfestir meðal til sterkar frumubreytingar.

Hvernig fer keiluskurður fram?

Keiluskurð er best að gera rétt eftir tíðablæðingar. Konan mætir að morgni og fer heim síðdegis sama dag. Aðgerðin er gerð í svæfingu í gegnum leggöng og tekur 15 til 20 mínútur. Neðsti hluti leghálsins er skorinn í burtu, oftast með rafskurði, og hverfa forstigsbreytingarnar alveg í um 95% tilfella. Vegna hættu á endurteknum forstigsbreytingum er langtímaeftirlit nauðsynlegt eftir aðgerð.

Hvar er keiluskurður framkvæmdur?

Oftast er aðgerðin gerð á Kvennadeild Landspítala sem sendir þér bréf um tímasetningu aðgerðar. Eftir að þú færð bréf frá Kvennadeildinni getur þú haft samband við deildina á þriðjudögum og fimmtudögum milli kl. 8:00 og 15:00 í síma 543 3270.

Keiluskurður er einnig framkvæmdur á Sjúkrahúsinu á Akureyri (sími 463 0100), Heilbrigðisstofnun Suðurnesja (sími 422 0500) og Sjúkrahúsinu á Akranesi (sími 430 6000).

Undirbúningur fyrir aðgerð?

Fyrir aðgerð er undirbúningsviðtal við lækni og hjúkrunarfræðing þar sem aðgerðin og eftirmeðferð er útskýrð (viðtalið getur tekið 2 til 3 klst.).

Hvaða aukaverkanir fylgja aðgerðinni?

Eftir aðgerðina er sár á leghálsinum og því má búast við smá blæðingu eða brúnleitri útferð í allt að 3 vikur á eftir. Tíðarblæðingar eiga að koma á réttum tíma eftir aðgerð.

Ef veruleg blæðing verður, illa lyktandi útferð, verkir í kviðarholi eða hitahækkun yfir 38° er ráðlagt að hafa samband við vakthafandi deildarlækni á þeirri deild þar sem aðgerð fór fram. Á Kvennadeild Landspítala er síminn 543 1000 (sjá síma annarra sjúkrahúsa hér að ofan).

Hvað má gera eftir keiluskurð?

Þú verður frá vinnu í 2 til 10 daga eftir aðgerð (allt eftir eðli starfs þíns). Þér er ráðlagt að stunda ekki þrekæfingar eða hafa samfarir í allt að 5 vikur. Vegna blæðingarhættu er ekki ráðlegt að fara í ferðalag til útlanda fyrr en tveimur vikum eftir aðgerð, en óhætt er að fljúga innanlands daginn eftir.